

# Smíða súðbyrðing með breiðfirsku lagi

- Iðan fræðslusetur heldur námskeið í smíði trébáta í samvinnu við Bátasafn Breiðafjarðar
- „Vonandi flyst þekkingin áfram til næstu kynslóðar“ segja áhugamenn um bátasmíði og handverk

## SVIÐSLJÓÐ

Helgi Bjarnason  
helgi@mbl.is



Bátur sem verið er að smíða í Gufunesi mun nýtast til að kenna mörgum bátasmíði. Þrír hópar læra þessar vikurnar að leggja kjöl og byrðing, báturinn verður notaður við sýningarhald á Reykhólum í sumar og í haust koma hóparnir aftur til að binda bátinn og setja umgjörð. Áætlað er að 400-500 klukkustundir fari í smíðina.

Iðan fræðslusetur heldur þessar vikurnar nokkur grunnnámskeið í smíði trébáta í samvinnu við Áhugamannafélag um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum.

„Okkur datt í hug að smíða nýjan bát og bjóða mönnum að koma oft en stutt í hvert skipti og geta þannig séð allt ferlið,“ segir Hafliði Aðalsteinsson, skipasmíðameistari og formaður Áhugamannafélags um Bátasafn Breiðafjarðar sem leiðbeinir á námskeiðinu ásamt Eggert Björnssyni, félaga sínum úr Áhugamannafélaginu. Þeir hafa áður staðið fyrir námskeiði á Reykhólum þar sem gert var við gamlan bát úr bátasafninu. Hafliði segir að það hafi tekið of langan tíma og verið frekar einhæft.

### Útlit og svipur skipti máli

Strax varð mikill áhugi á námskeiðinu þegar Iðan fræðslusetur kynnti það. Annar hópurinn var á námskeiði um síðustu helgi og búið er að tryggja þátttöku á þriðja námskeiðið sem ákveðið er um næstu helgi. Hafliði segir að ekki sé hægt að taka fleiri en átta í einu, fleiri komist ekki að með góðu móti.

Á námskeiðunum er lagður kjölur og báturinn byrtur upp sem kallað er, ytra byrði hans er klætt. Á seinna námskeiði sem væntanlega verður boðið upp á í haust verður haldið áfram með bátinn,



Morgunblaðið/Sigurgeir S.

**Bátasmíði** Ekki er aðeins lagt upp úr því að lag bátanna sé rétt heldur einnig handbragð og svipur. Leiðbeinendur standa yfir nemanda og sjá til þess að báturinn sé rétt byrtur. Nemendurnir eru áhugasamir og leggja sig alla fram eins og sést á svip Kristins Más Ingvarssonar á námskeiðinu um síðustu helgi.

hann bundinn með því að setja í hann grind og smíðuð umgjörð, svo sem borðstokkur og þóftur.

Þá verður ýmis frágangur eftir,

innrétting, niðursetning vélar og húss og fleira.

Báturinn sem smíðaður er á námskeiðinu er tæplega sex metra langur súðbyrðingur með breiðfirsku lagi, eins og þeir voru í upphafi vélvæðingar. Margir slíkir bátar voru smíðaðir við Breiðafjörð á árunum 1930 til 1960.

Bátarnir voru notaðir við hlunnindanýtingu og tekur lag þeirra mið af því. Þeir þurftu að vera grunnristir og með framstefni mikil bogið til þess að hægt væri að lenda í hólum og skerjum og sigla um grunn sund. Þótt lagið sé það sama er hægt að sjá handbragð einstakra skipasmíða í smærri útfærslum.

Bátar í öðrum landshlutum voru með öðru lagi, sem réðst af aðstæðum á hverjum stað. Nefna má báta með Engeyjarlaginu við Faxaflóa og sandaskipin á Suðurlandi.

„Mikið var lagt upp úr útliti og svip bátanna,“ segir Hafliði og Eggert leggur áherslu á að því sé haldið. Þeir benda á að Bátasafn Breiðafjarðar eigi báta af ýmsum gerðum sem hægt sé að nota í framtíðinni sem fyrirmyndir við smíði nýrra báta.

Við kennsluna er notaður leiðarvísir sem Eggert hefur tekið saman í samvinnu við Hafliða, einmitt um smíði á bát af þessu tagi. Einnig fá nemendur kennslumyndband sem Ásdís Thoroddsen kvikmyndagerðarmaður hefur útbúið úr efni sem hún safnaði við gerð heimildarmyndar um bátasmíði.

### Svo verður byrjað á nýjum bát

Nemendurnir koma úr ýmsum áttum, meðal annars smíðir sem langar að bæta bátasmíði í þekkingarbankann og áhugafólk um

## ÁHUGAMENN FRÁ UNGA ALDRI

### Þetta er svo gaman

„Ég var í skemmuni með pabba frá því ég man eftir mér og byrjaði að aðstoða hann við bátasmíðina um leið og ég fór að ráða við hamar,“ segir Hafliði Aðalsteinsson. Hann ólst upp í eyjunni Hvallátrum á Breiðafirði og er af mikilli skipasmíðaaætt.

Hafliði og bræður hans voru áhugasamir um

bátana. „Við vorum að þvælast á þeim um allar eyjar.“

Eggert Björnsson er sjómaður frá Patreksfirði. Áhugi hans á trébátum hófst þegar hann fór að róa með föður sínum en þeir önnuðust sjálfir allt viðhald. „Þetta er svo andskoti gaman,“ segir hann um bátasmíðina.



Eggert Björnsson og Hafliði Aðalsteinsson

gamalt handverk. Eggert og Hafliði segja að á fyrsta námskeiðinu hafi verið tveir nemendur sem áformi að smíða sér nýja báta af þessari gerð og einn sem var að búa sig undir að gera við gamlan bát.

Nemendur eru á ýmsum aldri, bæði ungir og gamlir. „Það er gott þegar ungir menn hafa áhuga á þessu. Þá kannski lifir þetta handverk þegar við hverfum af sjónarsviðinu,“ segir Hafliði og Eggert bætir við: „Vonandi flyst þekkingin áfram til næstu kynslóðar.“ Það er einmitt markmið þeirra með stofnun Bátasafnsins á Reykhólum og námskeiðahaldi.

Báturinn er smíðaður á stálgrind sem þeir hafa útbúið. Það þýðir að smíðin er ekki bundin við húsið og hægt að halda henni áfram hvar sem er. Hafliði og Eggert hyggjast þannig hafa bátinn á hlunninda- og bátasýningunni á Reykhólum í sumar og dunda þar við smíði þegar eitthvað sérstakt er um að vera.

Báturinn verður fullsmíðaður eftir rúmt ár, ef áætlanir ganga eftir en Hafliði tekur fram að ekki sé búið að dagsetja sjósetningu. Báturinn verður væntanlega seldur, ef góður kaupandi finnst, og byrjað á nýjum kennslubát. „Við höfum ekkert að gera með að safna nýjum bátum,“ segir Hafliði.

**Krabbameinsfélagið**

## Getur þú haft áhrif?

### - Forvörn er fyrirbyggja

#### Örráðstefna um ristilinn

#### 15. mars kl. 16:30-18:00

Ristilkrabbamein er þriðja algengasta krabbameinið

16:30-16:35	<i>Ráðstefnan sett.</i> <b>Ragnheiður Haraldsdóttir</b> forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.
16:35-16:40	<i>Ráðgjöf.</i> <b>Ásdís Káradóttir</b> hjúkrunarfræðingur segir frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.
16:40-17:00	<i>Ristilkrabbamein - forvarnir.</i> <b>Sjöfn Kristjánsdóttir</b> meltingarsérfræðingur.
17:00-17:15	<i>Máttur matarins.</i> <b>Þórunn Steinsdóttir</b> lögfræðingur og áhugakona um heilbriggt matarræði og forvarnir gegn krabbameini.
17:15-17:30	<i>Sáraristilbólga og ristilkrabbamein - reynsla, lærdómur og heilmikil bjartsýni.</i> <b>Ágúst Kristján Steinarrsson</b> - reynslusaga
17:30-17:45	<i>Að fá stóma er hrein lífsbjörg.</i> <b>Jón Þorkelsson</b> formaður Stómasamtakanna.
17:45-18:00	<i>Kaffi og spjall.</i>

**Fundarstjóri: Eiríkur G. Stephensen** Hundur í óskilum.  
Allir velkomnir - ókeypis aðgangur

Krabbameinsfélag Íslands, Skógarhlíð 8, 105 Rvk., 540 1900, [www.krabb.is](http://www.krabb.is)

Ristilfélagið Stómasamtök Íslands

